

Viðauki við stofnanasamning Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Félags íslenskra náttúrfræðinga (FÍN) dags 20. október 2006

Aðilar eru sammála að taka upp starfsmatskerfið Skref, samanber grein 3 í stofnanasamningi HÍ og FÍN, dags. 1. nóv. 2016. Launaröðun samkvæmt Skrefi skal eiga við þá félagsmenn í FÍN á stofnuninni sem starfa við stjórnsýslutengd störf, stoðþjónustu eða þjónusturannsóknir og ráðnir eru samkvæmt auglýsingu til a.m.k. eins árs, sbr. þó kafla 9 í miðlægum kjarasamningi. Slikt mat skal vera heildstætt (starfsmat, hæfnismat, ársmat) og ná til endanlegrar launaröðunar sem getur breyst á grundvelli uppsafnaðra stiga, miðað við 1. september ár hvert.

Starfsmenn sem raðast til launa í samræmi við starfsmatskefið Skref skulu sækja um greiðslur úr ársmati fyrir 10. maí ár hvert fyrir starfstímabil sem spannar 1. júní – 31. maí. Greiðslur eru inntar af hendi 1. september árlega.

Greiðslur vegna bókunar 2 (í miðlægum kjarasamningi) verðar nýttar frá og með 1. janúar 2018 í ársmat. Starfsmenn geta sótt um greiðslur fyrir ársmat, sem er sú sama og HÍ ákveður, en greiðslur úr ársmati eiga í fyrsta sinn við tímabilið 1. júní 2017 – 31. maí 2018. Frá fyrstu greiðslu skal draga frá sem nemur 7/12 upphæðar sem kemur í hlut hvers og eins vegna bókunar 2 árið 2017.

Tenging launaröðunar Skrefs við launatöflu FÍN skal vera með sama hætti og í stofnanasamningi HÍ og FÍN eins og hún er á hverjum tíma.

Grunnröðun starfa sem ekki falla undir Skref verður:

1.1 Náttúrufræðingur I/Aðstoðarmaður:

Starfar undir beinni stjórni yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta sem honum eru faldir.

1.2 Náttúrufræðingur II:

Starfar undir stjórni yfirmanna sinna og vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn verkþátta.

1.3 Náttúrufræðingur III:

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum eða verkþáttum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

1.4 Náttúrufræðingur IV:

Starfar við grunn- og/eða þjónusturannsóknir. Hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Getur tekið þátt í kennslu eða leiðbeiningu á sínu fagsviði.

Við grunnröðun starfa er miðað við BSc 180 ECTS.

Starfsheiti

Lágmarkslaunaflokkur

Náttúrufræðingur I/Aðstoðarmaður	03
Náttúrufræðingur II	05
Náttúrufræðingur III	08
Náttúrufræðingur IV	11

SG. M

2.1 Persónubundnir og starfstengdir þættir til viðbótar grunnröðun

Þessir þættir eru metnir til allt að 10 launaflokka sbr. ákvæði og gildistíma gerðardóms frá 14. ágúst 2015.

2.2 Menntun:

	Launaflokkar
BSc honour 240 ECTS	2
Meistarapróf – MSc eða sambærilegt	4
Doktorspróf – PhD eða sambærilegt	6

2.3 Aðrir þættir:

Reynsla – 1 árs starfsreynsla	1
Reynsla – 3 ára starfsreynsla	1
Vinna með líffræðilega skaðvalda, lífsýni og/eða eiturefni	1

3. Meistara- og doktorsnemar

Meistara- og doktorsnemar eru nemendur að aðalstarfi, störf þeirra með námi eru að öllu jöfnu fjármögnum af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður. Tryggt skal þó að röðun þeirra verði ekki lægri en í launaflokk 3 og 4. Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins, sjá þó bókun 2 í stofnanasamningi FÍN og Keldna frá 20. október 2006.

Viðauki þessi gildir frá 1. mars 2017

Reykjavík 5. desember 2017

F.h. Tilraunastöðvar Háskóla Íslands
í meinafræði að Keldum

Sigrún Ólafsson
tel: 555 5555

F.h. Félags ísl. náttúrufræðinga

MacKenzie-Larsen
Björk Þ. Þras
Hilja Þorsteinsdóttir
Gilla Björk Halldóð Ármannsdóttir
Steðinn Ragnheiður Þórsson
Tina Þóra Guðmundsson

Bókun 1

Ef Félagsdómur dæmir breytta túlkun menntunarákvæða í úrskurði gerðadóms dags. 14. ágúst 2015, skal innleiða túlkun Félagsdóms samkvæmt því, sbr. gr. 11.3.3.2. Sömuleiðis gr. 11.3.3.1 í miðlægum kjarasamningi FÍN og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs sem tók gildi 1. júní 2016.